Meðfylgjandi
grein og myndir er
framlag Lesbókar
til að minnast
listakonunnar Bar-

böru Árnason, sem
lézt fyrir . aldur
fram rétt fyrir síð-
ustu áramót. Bar-

bara var í hópi
þeirra listamanna,
sem lagt hafa Les-
bókinni lið og fyrir
þremur árum
teiknaði hún til
dæmis

mynd á
Lesbókar.

sýning á
hennar að
valsstöðum

forsíðu-

jólablað
Yfirlits-
verkum

Kjar-
fyrr í
sumar, vakti verð-
skuldaða athygli.
Eins og þar mátti
svo vel sjá, var
Barbara jafnvíg á margskonar tækni.
Aðalsmerki henn-

ar var þó, að hún
gat gert undra fall-
egar myndir, sem
um leið voru feyki-
lega vel gerðar og
sterkar myndrænt
og þrátt fyrir blíð-
una í innihaldi

þeirra, voru þær
aldrei væmnar.

Það var einmitt

þessi einstæða
blíða og velvilji,
sem var meginein-
kenni Barböru. Því

miður er það sjald-
gæf sameining að
vera stórbrotinn

listamaður og dýr-
leg manneskja. En
þannig var Bar-
bara Árnasön, —
og þessvegna verð-
ur alltaf Ijúft að
minnast henn-

ar. GS.

Graffkmynd eftir Barböru Arnason.

Bragj Ásgeirsson

Þrjör myndir þrjú
tímaskeiö
Um list Barböru Arnason

í tilefni sýningar ö verkum hennar ö Kjarvalsstööum fyrr í sumar

Sjálfsmyndina á forsfðu málaði
Barbara Árnason árið 1941 f
vatnslitatækni og mun þetta eina
varðveitta sjálfsmynd hennar, en
hún kann að hafa gert fleiri en

eyðilagt þær. Enginn mun hafa
fengið að sjá neitt af verkum
hennar fyrr en þau voru fullgerð
og eru þvf hér engar tiltækar
heimildir. Sjálfsmyndin ber

greinilega vott hirinar ensku skól-
unar listakonunnar, hér er ensk
hefð f vatnslitatækni meðhöndluð
á ffngerðan kvenlegan hátt. Svip-
ur listakonunnar ungu er einlæg-
ur og opinn og svo er sem hún
bfði einiingis eftir að hefja það
lífsverk er við nú þekkjum mörg
svo vel. Er eftirtektarvert að lista-
kona sem teiknaði og málaði jafn-
mikinn fjölda barna- og manna-
mynda skyldi leggja svo litla
rækt við að festa eigin ásjónu á
blað eða léreft, og var þó andlits-
form hennar senniiega mynd-
rænna og konan glæsilegri flest-
um þeim er hún gerði skil. Máski
stafar það af þvf hve mikið hún
lagði jafnan af sjálfri sér f allar
myndir sfnar, þær endurspegla
hina nærfærnu innri vitund lista-
konunnar, en annars lýtur f jöldi
sjálfsmynda myndlistarmanna,
engum sérstökum lögmálum að
þvf er best verður séð. Þannig
liggja jafnvel engar sjálfsmyndir
eftir marga þeirra, er engu sfður
voru uppteknir af eigin sjálfi en
þeirra er máluðu fjölda sjálfs-
mynda. Sjálfsrýni og hin áieitna
spurning um takmark og tilgang
sjálfsins leitar á flesta f einhverri
mynd, og hér hefur listakonan
Barbara Árnason fest ásjðnu
æsku sinnar á blað eftir að marka
list sinni stærri afrek. Þessi
mynd er fyrir margt einkennandi
fyrir myndstfl Barböru um all-
langt skeið og mettuð viðkvæmni
æskunnar f pensildráttum og
meðferð litaskalans.
Við upphaf fimmta áratugsins
gerist breyting á myndstfl Bar-

©